

Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u>
20 JAN. 2005 47.10
Tilv. <u>UST20050100017</u>



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

20. janúar 2005
Tilvísun: UST20050100017/bs

Sorpstöð Rangárvallasýslu að Strönd í Rangárþingi ytra. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu sorpurðunar að Strönd í Rangárþingi ytra. Núverandi athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er 10 ha að stærð og er talið að svæðið endist til ársins 2007. Fyrirhugað er að hefja urðun á nýju svæði 17,6 ha að stærð norðan núverandi urðunarstaðar og er áætlað að það svæði verði nýtt á árunum 2007-2037. Núverandi starfsleyfi sem gefið var út þann 8. nóvember 2000 og gildir til 30. júní 2009 heimilar urðun á 500.000 kg á ári af blönduðu sorpi. Á árinu 2003 voru 4.030.000 kg af sorpi var urðuð á urðunarsvæðinu að Strönd eða um átta sinnum meira magn en ráð er fyrir gert í fyrrnefndu starfsleyfi.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs hefur sótt um endurskoðun á núverandi starfsleyfi þar sem gert er ráð fyrir að urða árlega að Strönd um 3.700.000 kg af úrgangi á árunum 2009-2037. Bent skal á að árið 2003 kannaði UST hauggasmyndun á urðunarstöðum, þ.m.t. á nokkrum urðunarstöðum þar sem einungis sláturúrgangur er urðaður. Þar kom í ljós að lítil sem engin virkni er í sláturúrgangsgryfjum og má því áætla að sláturúrgangur í þessum gryfjum sé nánast órotnaður. Stefnt er að því að draga úr urðun á lífrænum úrgangi almennt og að meðhöndla (hakka) skuli þann sláturúrgang sem urða skal í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við greinargerð Sorpstöðvar Rangárvallasýslu (í umsögn er vísað í númer kafla eins og gert er í greinargerð).

1. Inngangur

Starfsleyfi Sorpstöðvarinnar veitir heimild til meðhöndlunar á brotamálmum og spilliefnum. Af því leiðir að ekki er heimilt að urða "blandað sorp" eins og fram kemur í inngangi og nafn fyrirtækisins gæti gefið til kynna.

Einnig skal bent á að seinni hluti 2. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfi er ekki lengur í samræmi við 7. gr. reglugerðar 738/2003 sem var sett í október 2003, þ.e. eftir að gildandi starfsleyfi var gefið út. Samkvæmt fyrrnefndri grein skal nú sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar sem hefur samráð við héraðsdýralækni um leyfisveitingar eftir því sem við á. Í mótun er sameiginleg stefna umhverfisráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, yfirdýralæknisembættis og Umhverfisstofnunar um förgun á sláturúrgangi.

2.1. Sorpstöð Rangárvallasýslu

Í síðustu setningu kaflans stendur "neysluúrgangur" en ætti að vera "heimilisúrgangur" í samræmi við skilgreiningu í gildandi reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2.2 Núverandi urðunarsvæði

Byggingarúrgangur, blandaður úrgangur, landbúnaðarúrgangur og annar úrgangur telst ekki óvirkur úrgangur nema hann uppfylli viðmiðanir fyrir óvirkan úrgang, sbr. gr. 2.1 í viðauka II með reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Úrgangur sem ekki er tilgreindur í skrá í þessari grein skal gangast undir prófun eins og mælt er fyrir um í greininni.

Samkvæmt tölulegum upplýsingum í þessum kafla er áætlað að meðhöndluð hafi verið um 4700 tonn árið 2003 sem er umtalsvert meira en segir til um í starfsleyfi. Af þessu magni voru um 4000 tonn urðuð á árinu. Sótt mun verða um starfsleyfi fyrir meðhöndlun allt að 5450 tonn á ári (sjá kafla 5.2). Starfsemin lendir samkvæmt því í 1. flokki skv. fylgiskjali 1 með starfsleyfisreglugerð 785/1999 og einnig 1. eftirlitsflokki skv. reglugerð nr. 786/1999 en var í 3. flokki.

Grunnvatnsmengun mældist tímabundið árið 2003 umfram þau mörk sem tilgreind eru í starfsleyfi þegar mikið af mjög blautum sláturúrgangi var urðaður að Strönd. Lífræn mengunarefni mældust mjög mikil í tveimur borholum sem eru um 100 og 150 m frá urðunarsvæði. Því er ástæða til að vera á varðbergi, sérstaklega með það í huga hversu lítil rotnun hefur verið í þeim sláturúrgangi sem urðaður hefur verið á svæðinu til þessa. Í framtíðinni má gera ráð fyrir fljótari rotnun í kjölfar aukinna krafna um formeðhöndlun þessa úrgangs, s.s. hökkun. Í ljósi þessa þarf að meta hversu mikið magn af hökkuðum sláturúrgangi megir urða án þess að grunnvatn mengist.

3.1 Stækkun urðunarsvæðis

Bent skal á að frá og með 1. janúar 2009 þurfa allir urðunarstaðir sem taka á móti lífrænum úrgangi að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs hvað varðar t.d. botnþéttingu, sigvatnssöfnun og gassöfnun, nema að sýnt hafi verið fram á að slíks sé ekki þörf að mati Umhverfisstofnunar.

5.2. Starfsleyfi 2009-2037

Fyrirhugað er að urða á nýju svæði allt að 1500 tonnum af sláturúrgangi og 500 tonnum af rúlluplasti á ári.

Eitt þeirra markmiða sem sett er fram í reglugerð nr. 738/2003 er að minnka urðun á lífrænum úrgangi í þrepum niður í 65% árið 2020 af því magni sem féll til árið 1995. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs þurfa sveitarfélög að gera grein fyrir hvernig þau hyggjast ná þessum markmiðum. Ótakmarkað leyfi til urðunar þessa úrgangs brýtur í bága við landsáætlun, markmið laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og þróun á þessu sviði. Starfsleyfi er veitt til 10-12 ára en endurskoðun fer að jafnaði fram á fjögurra ára fresti. Með "starfsleyfi 2009-2037" er því væntanlega átt við endingartíma svæðisins en ekki gildistíma starfsleyfis.

7.4 Mengunarvarnir og vöktun

Skilgreining á "óvirkum úrgangi" sem ekki er í samræmi við lög og reglugerðir.

Niðurstaða: Umhverfisstofnun telur að kanna þurfi umhverfisáhrif meðhöndlunar úrgangs að Strönd með tilliti til eftirfarandi þátta:


1. Magn þess úrgangs sem fyrirhugað er að meðhöndla að Strönd: Eins og fram kemur í drögum að starfsleyfi er ætlunin að taka á móti 5.450.000 kg af úrgangi árlega á tímabilinu 2009-2037. Fyrirhugað er að urða á nýju urðunarsvæði 3.700.000 kg af úrgangi árlega. Hér er um verulegt magn að ræða umfram þau viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 12. gr. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar er gert ráð fyrir að förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndli meira en 500.000 kg af úrgangi á ári skuli ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

2. Mengunar: Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að kannað verði hversu mikið magn virks úrgangs sé unnt að urða að Strönd án þess að grunnvatnsmengunar verði vart. Sérstaklega í ljósi þess að stefnt er að því að koma í veg fyrir urðun á ómeðhöndluðum úrgangi í framtíðinni. Ætla má að urðun t.d. á hökkuðum úrgangi hafi meiri umhverfisáhrif á grunnvatn en urðun á ómeðhöndluðum úrgangi þegar til skemmri tíma er litið.

Umhverfisstofnun telur að ef meta eigi umhverfisáhrif sorpurðunar að Strönd verði að taka tillit til mögulegra umhverfisáhrifa þess úrgangs sem þegar hefur verið urðaður, þar sem slíkur úrgangur getur valdið mengun áratugum eftir urðun.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun líklegt að urðun úrgangs að Strönd gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson